

Texta- og gagnanám: Skilyrði til notkunar fyrir gervigreind

STEF vill tryggja að höfundarréttarvarið efni meðlima verði ekki hluti af þróun gervigreindar, nema afdráttarlaust samþykki þeirra liggi fyrir. Á þetta við um — en takmarkast ekki við — mállíkön, grunnlíkön, spunagervigreindarkerfi og tillögu-algrím.

STEF áskilur sér rétt til að undanskilja verk meðlima sinna í texta- og gagnanámi, í samræmi við einkarétt höfunda til eintakagerðar verka sinna skv. 2. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. einnig tilskipun Evrópusambandsins 2019/790. Þar af leiðandi er öll notkun á verkum aðildarfélaga fyrir texta- og gagnanám háð leyfi STEFs, nema lög kveði á um annað.

STEF leggur áherslu á að samkvæmt mati samtakanna, þá veiti ákvæði höfundalaga og Evrópusambandsins ekki aðgang að texta- og gagnanámi til notkunar við þróun gervigreindar. STEFi er hins vegar ljóst, að ekki er einhugur um þá skoðun, sér í lagi á meðal alþjóðlegra tæknifyrirtækja. STEF áskilur sér engu að síður að meta ákvæði laganna eins og fyrr segir.

Beiðnir um notkun verka sem STEF fer með umboð fyrir, til notkunar fyrir texta- og gagnanám, skulu berast til STEFs á netfangið sala@stef.is.

Bakgrunnur skilyrða fyrir texta- og gagnanámi

Framfarir á sviði gervigreindar, að spunagreind (e. generative AI) með talinni, eru að verulegu leyti háðar umtalsverðu gagnamagni. Til þess að þjálfun gervigreindar skili árangri, skiptir aðgengi að yfirgripsmiklum og fjölbreyttum gagnasöfnum miklu. Þessi gagnasöfn gera gervigreindinni kleift að bera kennsl á, læra og skilja flókin mynstur.

Í þróun gervigreindar, sem er fær um að framleiða tónlist og texta, gætu þessi gagnasöfn t.d. samanstðið af:

- Tónlist (hljómflutningi) – að meðtöldum hljóðblönduðum upptökum, ásamt einstökum rásum eða s.k. stemmum.
- Textum.
- Stafrænum framsetningum á borð við MIDI-skrár.
- Myndrænum framsetningum í formi nótnablaða, hljóma, minnispunkta, fingrasetninga.
- Rituðum lýsingum á tónlistinni í formi lýsigagna og merkimiða.
- Gögnum úr tónverkagagnagrunnum, sem tengja ákveðin lög við ákveðna höfunda.

Með því að greina þessi mynstur, er hægt að búa til háþrúð líkön sem spá fyrir um, líkja eftir og framleiða ný gögn. Þessi líkön — sem eru yfirleitt kölluð stór tungumálalíkön, grunnlíkön, eða spunagreindarkerfi — mynda grunninn að mörgum gervigreindarveitum, sem notaðar eru um þessar mundir og koma til með að verða notaðar í framtíðinni.

Þetta felur í sér yfirlit yfir mikla kortlagningu á hljóði og formgerð tónlistar, sem gerir notendum kleift að biðja gervigreindina um að framleiða tónlist og texta.

Þróun slíkra veitna er háð framlagi tónhöfunda, sem hafa kynslóðum saman auðgað tónlistarmenningu okkar og arfleifð.

Leyfis er krafist til þess að þjálfun og/eða þróun gervigreindar geti falið í sér höfundarréttarvarin verk.

Í aðildarsamningi STEFs kemur skýrt fram, að það sé undirritaður höfundur sem framselur tiltekin réttindi og að hann/hún/hán (o.s.frv.) hafi samið þau verk sem skráð verði hjá STEFi. M.ö.o. er gert ráð fyrir því að það séu tilteknir einstaklingar sem semji hin skráðu verk, en ekki tölvuforrit.

Höfundar geta þó, nú sem fyrr, nýtt sér til aðstoðar hin ýmsu tæki og tól við að útbúa verk sín (þ.m.t. gervigreind) og kemur slíkt ekki í veg fyrir að þau njóti höfundaverndar eða geti verið skráð hjá STEFi.

Ekkert mat fer fram hjá STEFi á því hvort verk hafi í reynd verið samið af tilteknum höfundi eða hvaða tæki og tól hafi verið notuð við að skapa verkið — og hvort þau geti í raun notið höfundaverndar með tilliti til sköpunar.